

Ed.

180. Nefndarálit

[74. mál]

um frv. til laga um heimild til verðstöðvunar.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu æskir ríkisstjórnin heimildar Alþingis til að ákveða, að verðlag á vörum og þjónustu megi ekki hækka frá því, sem það nú er, og til 31. okt. 1967, nema verðlagsyfirvöld eða ríkisstjórnin telji slíkar hækkanir óhjákvæmilegar. Enn fremur til að ákveða, að ekki megi hækka hundraðshluta álagningar í heildsölu og smásölu, né álagningarstiga útsvara og aðstöðugjalda og önnur opinber gjöld, nema ríkisstjórnin telji slíkar hækkanir óhjákvæmilegar vegna fjárhagsafkomu viðkomandi sveitarfélaga eða opinberra aðila.

Í athugasemdum með frv. er tilgangur þess skýrður á þann veg, að nú sé svo komið hag útflutningsatvinnuveganna vegna verðfalls á erlendum mörkuðum, að hætta sé á ferðum, ef þar komi til hækkaður framleiðslukostnaður. Þær niðurgreiðslur til lækkunar á framfærsluvísitölu, sem þegar hafi verið ákveðnar, komi ekki að haldi, nema frekari hækkanir verðlags séu stöðvaðar. Loks segir þar, að beiting heimildanna byggist á þeirri forsendu, að ekki verði kauphækkanir, sem geri verðstöðvun óframkvæmanlega.

Við fyrstu sýn blasir það við, hversu frumvarp þetta er mengað áróðursbrögðum, sem m. a. felast í því, að gert er ráð fyrir að lögfesta heimildir til afskipta af verðlagsmálum, sem þegar eru fyrir hendi og raunar ná miklu lengra í afskiptaátt en þetta frv. Hin einu afskipti af verðmyndunarmálum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir og ekki eru heimildir fyrir í fyrri löggjöf, eru ákvæðin um heimild til að takmarka breytingar á álagningarstiga sveitarfélaga, og hefðu því frv. um slíka heimild nægt til þess að gera þau afskipti, sem ríkisstjórnin hyggst hafa um þessi efni, fullkomlega lögmæt. En ríkisstjórninni virðist mjög í mun að láta svo líta út sem hér séu á ferðinni einhver ný úrræði í aðsteðjandi vanda og að hún sé nú orðin hinn mikli frumkvöðull í harðri baráttu gegn verðbólgunni. Rangt er einnig það, sem felst í nafni frv., að það fjalli um verðstöðvun, því að það skuldbindur

hvorki ríkisstjórnina né aðra til þess að fylgja fram fullkominni verðstöðvunarstefnu, heldur opnar þar ýmsar gáttir til undanbragða og það í svo ríkum mæli, að reynslan ein fær úr því skorið, hvort árangur verður nokkur eða enginn.

Á hinn bóginn felst í þessu frv. óbein viðurkenning á því, að afskipti ríkisstjórnarinnar eða öllu heldur afskiptaleyfi af verðlagsmálum eigi ríkan þátt í þeim gífurlegu verðlagsbreytingum til hækkunar, sem orðið hafa á valdatíma hennar, í þeirri verðbólguþróun, sem nú er að keyra útflutningsatvinnuvegina í kaf. Sú viðurkenning er góðra gjalda verð, en væri þó stórum mikilvægari og líklegri til heillavænlegs árangurs, ef jafnframt væri að því ráði horfið að læra af reynslunni og bæta fyrir það, sem miður hefur farið, en þetta frv. gefur ekki vísbendingar um, að svo verði gert.

Í reynd hefur stefna ríkisstjórnarinnar í verðlagsmálum verið sú að heimila sem mest frjálsræði um alla þætti verðmyndunarinnar. Innflutningsfrelsi, álagningarfrelsi, fjárfestingarfrelsi hafa verið boðorðin, sem breytt hefur verið eftir í meginatriðum. Fleiri og fleiri tegundir vöru og þjónustu hafa verið undanþegnar verðlagsákvæðum og miklar álagningarhækkanir verið heimilaðar á flestum eða öllum þeim tegundum, sem enn á að heita að háðar séu verðlagsákvæðum. Húsaleigulögin hafa verið afnumin og leigutakar þar með verið ofurseldir gegndarlausum og hóflausum hækkunum á húsnæðiskostnaði. Samtímis hefur álagningargrunnurinn verið hækkaður gífurlega með tvennum gengisfellingum og þannig færðir stórfelldir fjármunir til verzlunarinnar með aukinni álagningu. Þá hefur og innflutningur farið mjög vaxandi, og hefði það að réttu lagi átt að leiða til mjög aukinnar framleiðni í verzluninni og minni þarfar á hárrí álagningu.

Afleiðingarnar af stefnu hinnar frjálsu álagningar eru augljósar: Í fyrsta lagi hækkun milliliðakostnaðar, í öðru lagi mikil aukning fjárfestingar í þessari grein umfram það, sem orðið hefur í öðrum atvinnugreinum, í þriðja lagi slaukið aðstreymi vinnuafli til verzlunarinnar. Mannaflaaukningin mun nema um 30—40% umfram fjölgun í samræmi við aukna tölu neytenda, og frá 1959 til 1964 hefur árleg fjárfesting í verzluninni, miðað við fast verðlag, aukizt um 103%, og er það rösklega þrefalt meiri aukning en í fiskveiðum, meira en fjórfalt meiri en í fiskiðnaði og öðrum iðnaði, og kemst engin grein hvað þetta snertir nálægt því að verða hálfdrættingur á við verzlunina.

Það lætur að líkum, að slík ofsapensla sem stjórnarstefnan hefur skapað í verzluninni og fjármunatilfærsla til hennar frá neytendum og frá öðrum þáttum efnahagskerfisins er ein af stóru ástæðunum fyrir því, hversu komið er í verðlagsmálunum nú. Er það nú vafalaust eitt brúnasta verkefnið, ef ráðast ætti af alvöru og einlægni gegn þeim geigvænlega vanda, sem verðþenslan hefur skapað, að endurskoða frá rótum allt verðlagningarkerfið í þeim tilgangi að bæta kjör almennings og stöðu útflutningsatvinnuveganna, sem nú eru tröllriðnir af verzlunarbákninu. Skipa þyrfti nýja verðlagsnefnd, sem gengi að þessu verkefni með oddi og eggju.

Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir neins konar breytingu á núverandi ástandi verðlagsmála, heldur fjallar það nánast um heimildir til handa ríkisstjórninni til að halda því óbreyttu. Verði heimildir þess notaðar til hins ýtrasta, verður í bezta falli um að ræða líkindi fyrir því, að verzlun og þjónustufyrirtæki seilist ekki enn dýpra í vasa almennings en nú er gert. Í því felst því engin lækning þeirra meina, sem nú hrjá efnahagslífið og útflutningsatvinnuvegina. Menn hljóta því að spyrja: Hver er hinn raunverulegi tilgangur með flutningi þessa frv.? Ekki er ólíklega til getið, að svarsins sé að leita í athugasemdum með frv., þar sem segir: „Beiting þeirra heimilda, sem ríkisstjórninni á að veita samkvæmt frumvarpinu, byggist á þeirri forsendu, að eigi verði kauphækkanir, er geri verðstöðvun óframkvæmanlega.“ Eftir skýringu aðalmálgagns ríkisstjórnarinnar er hér átt við, að beiting heimildanna sé háð því, að engar kauphækkanir verði. Sé sú skýring rétt, er auðsætt, að ríkisstjórninni er það efst í huga að skapa sér áróðursaðstöðu gagnvart hugsanlegum aðgerðum verkalýðssamtakanna til þess að fá sinn hlut bættan í launamálunum,

en það er kunnara en frá þurfi að segja, að kaupmáttur tímakaups hefur staðið í stað frá 1959, þrátt fyrir mikla árlega aukningu þjóðartekna.

Auðvitað standa til þess engin rök, að eðlilegar og nauðsynlegar verðlagshömlur og verðlagseftirlit til verndar hagsmunum þjóðfélagsins og alls almennings sé háð skilyrðum um, að laun breytist ekki til hækkunar. Þvert á móti sannar reynslan, að einmitt er þörfin brýnust á aðhaldi um verðlagningu á tímum kaupbreytinga, sem oft á tíðum hafa verið mjög freklega misnotaðar af hvers konar milliliðum, sem tylliástæður fyrir óhæfilegum verðhækkunum. Skilyrðin, sem fram eru sett gagnvart verkalýðssamtökunum, eru því næsta furðuleg. Hins vegar er full vissa fyrir því, að verkalýðshreyfingin mun nú sem ávallt áður meta það út frá sameiginlegum hagsmunum þjóðarheildarinnar og láglau nastéttanna, hverjar leiðir hún að athuguðu máli kys að fara í kjarabaráttunni. Stórfelldar launabreytingar eru í þeim efnum ekki hið eina, sem til greina getur komið. Launahækkunarir eru ekki heldur takmark í sjálfu sér, heldur leið að markmiðum, t. d. um bættan og ódýrari húsakost, meiri tómsundur, aukna kaupgetu. Verði þeim markmiðum, sem verkalýðshreyfingin nú telur mesta nauðsyn á að nálgast, náð að öðrum leiðum að einhverju eða jafnvel öllu leyti en beinum launahækkunum, mun ekki stranda á verkalýðssamtökunum að reyna þær.

Þetta frv. grípur ekki á vanda verðlagsmálanna á þann hátt, að skapað sé varanlegt verðhömlunarkerfi. Það gefur í bezta falli vonir um, að um stuttan tíma verði ekki breytingar til hins verra hvað ásælni verzlunar og milliliða snertir. Í því felast óréttmæt skilyrði gagnvart verkalýðshreyfingunni. Það er yfirborðskennt og áróðurskennt. Á frv. hefði því þurft að gera gagngerðar breytingar, eins og Alþýðubandalagið hefur lagt til við meðferð þess í Nd., en ríkisstjórnin hefur látið fella. Með því að ekki hefur reynzt vilji fyrir hendi til að gera nauðsynlegustu breytingar á frv., getur undirritaður ekki veitt því stuðning.

Alþingi, 16. des. 1966.

Björn Jónsson.